

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um starfsánægjukannanir í Austurbæjarskóla**

Á fundi borgarráðs, 15. september 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins hefur leitað álits hjá þeim sem þekkja til Austurbæjarskóla og starfsemi hans. Í ljós kemur að starfsmannavelta er mikil. Niðurstöður starfsmannakannana og skólapúlsins hafa ekki verið nægjanlega sýnilegar. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um niðurstöður starfsánægjukannana undanfarin ár. Vitað er til þess að skóla- og frístundasvið hefur ekki brugðist við kvörtunum kennara og starfsfólks. Annað sem hefur verið upplýst um er að ekki hefur verið framkvæmt ytra mat á Austurbæjarskólanum í nokkur ár. Starfsmannakannanir eru nauðsynlegar en gagnast ekki ef þær eru ekki nægjanlega sýnilegar. Niðurstöður slíkra kannana sýna m.a. hvernig lýðræðinu er háttað í skólanum og hvort fagmennska ríki þegar teknar eru ákvarðanir. Er t.d. hlustað á skólaráðið og er það haft með í ráðum t.d. þegar ákveðið var að rýma risið og hefja tölvunám þar?*

### **Svar:**

Ekki liggja fyrir upplýsingar á skóla- og frístundasviði um starfsmannaveltu á starfsstöðum sviðsins en unnið er að því að nálgast þær úr mannauðskerfum borgarinnar. En samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum Austurbæjarskóla er starfsmannavelta ekki mikil í samanburði við aðra grunnskóla Reykjavíkur.

Viðhorfskönnun er lögð árlega fyrir allt starfsfólk Reykjavíkurborgar og er tilgangurinn að fá fram viðhorf starfsfólks til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttá. Skóla- og frístundasvið gerir ekki kröfur um að skólar birti niðurstöðurnar á heimsíðum eða að þær séu sýnilegar að öðru leyti enda er litið á þær sem vinnugögn til frekari úrvinnslu við gerð umbótaáætlana. Niðurstöður viðhorfskönnunar í Austurbæjarskóla hafa verið kynntar starfsfólki á hverju ári undanfarin ár með aðstoð frá mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs. Ekki eru lagðar fyrir sérstakar starfsánægjukannanir en starfsánægja er einn af þeim þáttum sem mældur er í áðurnefndri viðhorfskönnun. Umbótaáætlanir Austurbæjarskóla, sem byggja m.a. á niðurstöðum viðhorfskönnunar og Skólapúlsins, eru aðgengilegar og sýnilegar á heimasíðu skólans.

Skóla- og frístundasvið hefur brugðist við ábendingum sem hafa borist frá starfsfólki Austurbæjarskóla.



Reykjavíkurborg

Austurbæjarskóli fór í ytra mat 2010 og 2017. Nú hefur skrifstofa skóla- og frístundasviðs tekið ákvörðun um að leggja áherslu á innra mat og ytra mat verður því ekki framkvæmt að sinni.

Skólaráð Austurbæjarskóla hefur verið haft með í ráðum varðandi nýtingu á risi skólans.